Knattspyrnusamband Íslands

Reykjavík 26.10.2026

Til þeirra sem málið varðar,

Öryggi iðkenda í knattspyrnumannvirkjum

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, langar að vekja athygli á mikilvægu öryggisatriði varðandi **keppnis- og æfingahallir fyrir knattspyrnu á Íslandi** og þeirri þörf sem er á að tryggja fullnægjandi öryggissvæði og viðeigandi höggvarnir á veggjum og öðrum föstum flötum sem eru nálægt leikvelli.

Tilefnið er að komið hafa upp slys þar sem leikmenn hafa rekist á veggi eða aðra fasta fleti við leikvöll. Slík slys hafa orðið hér á landi og einnig hafa orðið alvarlegri slys erlendis. Þegar veggir eða aðrir harðir fletir eru nálægt leikvellinum getur skapast veruleg hætta þegar leikmenn fara út fyrir leikvöll á miklum hraða.

Mannvirkjanefnd KSÍ hefur þegar tekið þetta atriði til skoðunar. Í bréfi til stjórnar KSÍ frá 9. mars 2026 er lagt til að öll ný knattspyrnuhús uppfylli reglu um 4 metra öryggissvæði umhverfis leikvöllinn og að í eldri knattspyrnuhúsum, þar sem öryggissvæðið er minna, verði allir fletir innan 4 metra frá leikvelli varðir með mjúkum klæðningum.

Í gildandi reglum er heimilt að hafa þrengra öryggissvæði í knattspyrnuhúsum en almennt gildir um leikvanga, en það má ekki vera minna en 3 metrar, bæði meðfram hliðarlínu og endalínu. Nú er því til skoðunar hvort breyta eigi reglunum þannig að skýrari krafa verði gerð um öryggissvæði og höggvarnir þar sem veggir eða aðrir fastir fletir eru innan 4 metra frá leikvelli.

Samhliða þessu teljum við mikilvægt að tryggja að öryggissvæðið sjálft sé laust við hindranir þegar leikir fara fram. Þetta þarf ekki síður að eiga við um leiki yngri flokka, þar sem færanleg mörk og annar búnaður geta verið til staðar í knattspyrnuhöllum. Tryggja þarf að mörk, varamörk, æfingabúnaður og aðrir lausir eða fastir hlutir séu ekki staðsettir innan skilgreinds öryggissvæðis meðan leikur stendur. Höggvarnir á veggjum koma því ekki í staðinn fyrir nauðsyn þess að halda sjálfu öryggissvæðinu lausu.

Knattspyrnusamband Íslands

Reykjavík 26.10.2026

Mikilvægt er að þessi umræða og mögulegar öryggiskröfur nái **bæði til keppnishalla og æfingahalla**, enda getur sama hætta skapast fyrir leikmenn óháð því hvort mannvirkið er fyrst og fremst nýtt til keppni eða æfinga.

Við teljum mikilvægt að horfa á þessar breytingar fyrst og fremst út frá forvörnum og öryggi iðkenda. Þar sem ekki er alltaf raunhæft að stækka öryggissvæði í eldri mannvirkjum getur viðeigandi höggvörn á veggjum og öðrum föstum flötum verið nauðsynleg leið til að draga úr áhættu.

Þar sem veggir eða aðrir fastir fletir eru innan 4 metra frá leikvelli er lagt til að þeir verði varðir með viðeigandi höggvörn. Höggvörnin skal ná að lágmarki 180 cm upp frá gólfi og vera úr höggdeyfandi efni sem dreifir álagi við árekstur og dregur þannig úr hættu á meiðslum. Jafnframt þarf frágangur höggvarnarinnar að vera þannig að ekki skapist aukin slysahætta vegna harðra kanta, samskeyta eða óvarinna flata

Markmiðið ætti að vera að skapa eins öruggt umhverfi og kostur er fyrir alla leikmenn, óháð aldri, því hvort um æfingu eða keppni er að ræða og því hvaða stærð vallar er leikið á. Það felur bæði í sér fullnægjandi öryggissvæði, viðeigandi höggvarnir þar sem þess er þörf og að mörk, búnaður eða aðrar hindranir séu ekki innan öryggissvæðisins.

Við viljum því koma þessari fyrirhuguðu nálgun á framfæri og leggja áherslu á mikilvægi þess að öryggi leikmanna sé haft að leiðarljósi við áframhaldandi þróun reglna og öryggiskrafna fyrir bæði keppnis- og æfingahallir fyrir knattspyrnu á Íslandi.

F.h Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ

Eysteinn Pétur Lárusson

Eysteinn Pétur Lárusson
Framkvæmdastjóri